



Skýrsla forseta bæjarstjórnar
Reykjanesbæjar starfsárið 2019

Árið 2019 var gott ár í sögu Reykjanesbæjar ef á heildina er litið. Samstarf í bæjarstjórn var uppbyggilegt og fjárhagur bæjarfélagsins með því besta sem sést hefur. Því ber ekki síst að þakka styrki fjármálastjórn og vönduðum vinnubrögðum í gerð áætlana. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar fundaði 22 sinnum á árinu undir stjórn forseta bæjarstjórnar Jóhanns Friðriks Friðrikssonar og fyrsta varaforseta Guðnýjar Birnu Guðmundsdóttur. Skipulagsbreytingar voru samþykktar á árinu og nýjar nefndir tóku til starfa. Umsvif bæjarins hafa aukist að undanfögnu þar sem svigrúm til uppbyggingar hefur skapast sem er fagnaðarefni. Í bæjarstjórn sitja sex flokkar og allir hafa þeir sína sýn, stefnu og markmið. Allir bæjarfulltrúar bera hag bæjarfélagsins og íbúa fyrir brjósti þó leiðirnar séu stundum mismunandi.

Yfirlit yfir fundarsetu á starfsárinu 2019

Anna Sigríður Jóhannesdóttir	19
Andri Örn Víðisson	4
Baldur Guðmundsson	16
Davíð Brár Unnarsson	1
Díana Hilmarsdóttir	20
Eydís Hentze Pétursdóttir	7
Friðjón Einarsson	19
Guðbrandur Einarsson	22
Guðný Birna Guðmundsdóttir	13
Guðrún Ösp Theodórsdóttir	1
Gunnar Felix Rúnarsson	5
Gunnar Þórarinsson	20
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir	4
Hanna Björg Konráðsdóttir	2
Jasmina Crnac	2
Jóhann Friðrik Friðriksson	18
Linda María Guðmundsdóttir	1
Margrét Ólöf A. Sanders	17
Margrét Þórarinsdóttir	15
Ríkharður Ibzen	8
Sigurros Antonsdóttir	1
Styrmir Gauti Fjeldsted	21
Trausti Arngrímsson	2

Bæjarstjórnarfundir færðir í Hljómahöll

Á árinu 2019 voru fundir bæjarstjórnar færðir í salinn Merkines í Hljómahöll en áður höfðu fundir farið fram í salnum Súlum sem staðsettur er í risinu á bæjarskrifstofum Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12. Breytingin hefur verið til góðs. Meira pláss er til staðar og umgjörðin öll hin glæsilegasta. Ég færi riturum bæjarstjórnar mínar bestu þakki fyrir aðstoð og fagmennsku. Starfsmenn Hljómahallar eiga einnig þakki skildar fyrir aðstoðina og þolinmæðina. Samtals fundaði bæjarstjórn Reykjanesbæjar í 38 klst. á árinu 2019 og var meðal fundarlengd 1 klst.

og 44 mín. Lengd bæjarstjórnarfunda getur verið æði misjöfn eftir fjölda og eðli þeirra mála sem eru til afgreiðslu hverju sinni.

Málafjöldi og beinar útsendingar

Bæjarstjórnarfundir eru öllum opnir og sendir út beint á vef bæjarins. Ástæða þykir til að auglýsa betur þá staðreynd en fáir almennir bæjarbúar sækja fundina að jafnaði. Alltaf eru þó einhverjir sem fylgjast með beinni útsendingu þeirra eða nýta sér að horfa á upptökur fundanna á Youtube rás bæjarins. Á árinu 2019 voru líflegar umræður um mörg málefni á bæjarstjórnarfundum en alls tóku bæjarfulltrúar 428 sinnum til máls.

Fjöldi skipta sem bæjarfulltrúar tóku til máls á fundum bæjarstjórnar 2019:

Guðbrandur Einarsson (Y)	63
Friðjón Einarsson (S)	52
Baldur Þórir Guðmundsson (D)	44
Jóhann Friðrik Friðriksson (B)	42
Margrét Ólöf A Sanders (D)	39
Margrét Þórarinsdóttir (M)	37
Kjartan Már Kjartansson bæjarst.	32
Gunnar Þórarinsson (Á)	29
Guðný Birna Guðmundsdóttir (S)	23
Anna Sigríður Jóhannesdóttir (D)	22
Díana Hilmarsdóttir (B)	9
Styrmir Gauti Fjeldsted (S)	6

Bókanir og mál á dagskrá bæjarstjórnar

Færst hefur í vöxt að bæjarfulltrúar leggi fram bókanir um einstök mál og voru alls lagðar fram 70 bókanir á bæjarstjórnarfundum 2019. Meira en helmingur þeirra eða 43 voru lagðar fram af Miðflokknum en næstflestar voru lagðar fram af meirihlutanum í Reykjanesbæ sameiginlega eða 10 alls. Tekin voru fyrir 231 mál á tímabilinu og var 14 þeirra vísað til frekari umfjöllunar, flestum til bæjarráðs. 5 tillögur voru felldar og 212 samþykktar og má segja að sú staðreynd beri merki góðrar samvinnu og sátta um störf bæjarins. Alls voru 106 mál samþykkt án umræðu en stefnur bæjarins, fjárhagsáætlun og ársreikningur eru ávallt tekin til umræðu oft en einu sinni með minnst viku millibili. Þó svo mikilvæg mál fái ekki alltaf mikla umræðu í bæjarstjórn er það ekki endilega til marks um það að mál fái framgöngu án aðkomu og vinnu bæjarfulltrúa. Upphaf mála í nefndum og ráðum koma oft til endurtekinnar umræðu í bæjarráði og nefndum og því hafa hnökrar oft verið lagfræðir þegar mál koma til kasta bæjarstjórnar. Af stærri og veigameiri málum á árinu 2019 má nefna endurskoðun stjórnskipulags, jafnréttisáætlun, stefnumótun til tíu ára og samningur um atvinnu- og þróunarsvæði á Miðnesheiði ásamt reglum um notendastýrða persónulega aðstoð svo eitthvað sé nefnt. Sem fyrr segir hefur starfsemi bæjarins aukist á undanförunum árum og nefndum fjölgað. Afgreiddar voru 37 fundargerðir bæjarráðs árið 2019 en bæjarráð fundar að jafnaði einu sinni í viku.

Fjöldi fundargerða sem afgreiddar voru í bæjarstjórn Reykjaneshæjar 2019:

Bæjarráð	37
Umhverfis- og skipulagsráð	20
Velferðarráð	10
Menningarráð	10
Íþrótta- og tómstundaráð	10
Barnaverndarnefnd	9
Fræðsluráð	9
Stjórn Reykjaneshafnar	8
Lýðheilsuráð	3
Framtíðarnefnd	3

Fjármál

Fjárhagsáætlun bæjarins er ávallt ítarlega rædd í bæjarstjórn en venja er að vinna við fjárhagsáætlun hefjist í lok sumars og standi allt fram að síðustu umræðu í desember. Skiljanlegt er að um fjármál sem grundvalla alla starfsemi bæjarins séu skiptar skoðanir. Tekjur bæjarins hafa aukist jafnt og þétt á liðnum árum sem að sama skapi hafa gefið tækifæri til lægri álagningar á bæjarbúa. Fjárhagur Reykjaneshæjar var sérstaklega ræddur 9 sinnum í bæjarstjórn á árinu 2019 og ber þar hæst umræða um skuldaviðmið og lækkun skatta sem og fasteignagjöld sem rædd voru sex sinnum.

Umhverfis-og skipulagsmál

Þó svo öll málavæði bæjarins fái umræðu á fundum bæjarstjórnar má segja að umhverfis- og skipulagsmál hafi fengið meiri umræðu á árinu 2019 en oft áður. Alls ræddi bæjarstjórn grenndarkynningar 14 sinnum og deiliskipulag ýmissa svæða alls 12 sinnum. Umhverfis- og skipulagsmál eru samofin málefnum er snúa að iðnaðarsvæðinu í Helguvík þar sem sorgarsaga kísilvera er megin þemað. Alls báru málefni Stakksbergs 9 sinnum á góma á bæjarstjórnarfundum á árinu sem eðlilegt þykir í ljósi þess hversu mikið áfall sú brostna uppbygging var fyrir bæjarfélagið og samfélagið í Reykjaneshæ. Háum fjárhæðum hafði verið varið af hálfu fjárfesta og Reykjaeshæjar til verkefnisins sem síðan kom í ljós að stóð á braufótum. Enn sér ekki fyrir endann á því ferli.

Stjórnskipan Reykjaneshæjar

Nýtt skipurit bæjarins og nýjar nefndir voru samþykktar á árinu í takt við áherslur meirihlutans þar um. Það er fagnaðarefni að sjá nýtt fólk taka sæti í nefndum og verður afrakstur þeirrar vinnu án efa veigamikil framlag inn í starfsemi og þjónustu bæjarins. Skiptar skoðanir eru ávallt uppi um stjórnskipan en samstarf nefndarmanna í nefndum Reykjaneshæjar er að flestra mati mjög gott og einkennist af fagmennsku. Sviðsstjórar og starfsmenn bæjarins sem starfa náið með nefndum bæjarins fá sérstakar þakkir fyrir faglegt starf þar sem tenging stjórnsýslunnar við nefndarstarf og kjörna fulltrúa er oft á tíðum vandasamt verk. Nýtt skipurit

þar sem framkvæmdastjórn bæjarfélagsins var samþykkt skerpir einnig yfirsýn og þverfaglegt samstarf á milli sviða og deilda.

Endurskoðun bæjarmálasamþykktar

Forsetanefnd vann að endurskoðun bæjarmálasamþykktar á árinu og hefur sú vinna verið unnin í góðri sátt. Forsetnanefnd vann einnig að skipunarbréfum nefnda og ráða auk framkvæmdastjórnar. Segja má að skipun formlegrar forsetanefndar eins og tíðkast í öðrum stærri bæjarfélögum sé til þess fallin að auka enn frekar lýðræðislega meðferð mála og framþróun á stjórnskipan og starfi bæjarstjórnar. Í forsetanefnd eiga samkvæmt skipunarbréfi sæti forseti og fyrsti og annar varaforseti bæjarstjórnar auk áheyrnarfulltrúa úr þeim flokkum sem ekki eiga aðalfulltrúa í nefndinni. Forsetanefnd fundar eins og ástæða þykir til en ekki er um fasta fundartíma að ræða eins og venjulega á við um fastanefndir bæjarfélagsins.

Stefnur og áætlanir

Ný stefna Reykjanesbæjar var samþykkt og innleidd og vil ég þakka öllum bæjarfulltrúum, starfsmönnum og íbúum fyrir framlag þeirra til þeirrar vinnu. Bæjarstjóri, Kjartan Már Kjartansson og hans framkvæmdastjórn hefur unnið vandaða vinnu sem hefur verið bæjarfélaginu og íbúum þess til sóma. Meirihlutinn í bæjarstjórn hefur starfað vel saman og unnið markvisst að málefnasamningi og hyllir undir að flest þau mál sem marka stefnu hans séu í góðum farvegi eða þegar orðin að veruleika. Minnihluta ber einnig að hrósa fyrir aðhald og góðar athugasemdir sem hafa verið til bóta, bæði fyrir verklag og þjónustu við íbúa.

Sýnum það besta sem í okkur býr

Á liðnu ári má segja að við höfum safnað kröftum fyrir það sem koma skal. Við blasir djúp efnahagslæggð vegna alheimsfaraldurs og skiptir gott samstarf bæjarstjórnar gríðarlega miklu máli við þær aðstæður. Við þurfum að sýna það besta sem í okkur býr. Saman erum við að glíma við áður óþekktar áskoranir sem útheimta allt okkar þrek og þor. Framtíðin er óráðin og fortíðinni verður ekki breytt. Okkar markmiði um sanngjarnt, blómlegt og samheldið samfélag í sókn verður heldur ekki náð án náinnar samvinnu við íbúa. Bæjarstjórn situr í umboði þeirra og því hlutverki fylgir mikil ábyrgð. Opin og gagnsæ stjórnsýsla eflir traust á starfsemi bæjarfélagsins sem og aukin upplýsingagjöf til bæjarbúa. Reykjanesbær er fjórða stærsta bæjarfélag landsins og framtíð okkar er svo sannarlega björt þó við stöndum nú í auga stormsins. Með virðingu, eldmóð og framsækni eru okkur allir vegir færir þegar birtir að nýju.

Jóhann Friðrik Friðriksson, forseti bæjarstjórnar í Reykjanesbæ.